

VISS, vinnu og hæfingarstöð í Þorlákshöfn

óskar eftir ráða deildarstjóra til starfa.

VISS, vinnu og hæfingarstöð, óskar eftir að ráða deildarstjóra í 80% stöðu.

VISS er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu. Unnið er að því að styðja og efla starfsmenn í vinnu og virkni. Hjá VISS er unnið eftir hugmyndafræðinni „Þjónandi leiðsögn“ og „Sjálfstætt líf“.

Leiðbeinendur vinna samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 auk tengdra reglugerða.

Helstu verkefnin eru :

- Daglegt utanhald um rekstur og starfsemina
- Starfsmannahald
- Móta stefnu og markmið þjónustunnar
- Verkefnaöflun og að verkefni sé við hæfi hvers og eins
- Aðstoð við fatlað fólk í athöfnum daglegs lífs

Helstu markmið starfsins eru:

- Faglegt starf með fötluðu fólki
- Leiðbeina, styðja og hvetja
- Skapa öryggi og vellíðan á vinnustað
- Efling sjálfsákvörðunarréttar fatlaðs fólks

Hæfniskröfur:

- Menntun í þroskajálfun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í starfi með fötluðu fólki
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund

- Góð tölvukunnátta

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og Proskapjálfafélags Íslands

- Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2025
- Nánari upplýsingar veitir Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri, jmh@olfus.is og Eyrún Hafþórsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu, eyrun@olfus.is, í síma 480-3800
- Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áhersla á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.



Fjölskyldu og fræðslusvið Ölfuss

